

Kjöt af mylkum ám og rýru geldfé skal merkja Æ.I., ef skrokkarnir eru 232
sæmilega holdgóðir, en Æ.II. séu þeir rýrari, teljist þeir söluhæfir til neyzlu. 30. des.

Kjöt af fullorðnum hrútum, teljist það söluhæft, skal merkt H.I. ef skrokkarnir eru holdgóðir, en H.II., séu þeir lakari.

Merkin skal setja á miða, sem bundnir eru við skrokkana, eigi að selja kjötið nýtt eða frosið, en á tunnubotna, ef um saltkjöt er að ræða, og skal þá setja framan við merkin: „Spaðsaltað“ eða „Stórhöggvið“, eftir því sem við á.

Kjötmatsmenn skulu ekki taka í nefnda flokka annað kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé en það, sem er vel útlítandi og sæmilega holdgott, en þó skal sérstaklega vanda til flokkanna S.I. og G.I.

Í matsvottorðum sé tilgreind kjötþyngd í hverri tunnu, þegar um saltkjöt er að ræða.

Kjötmatsmenn varðveiti merkiplöturnar og mega ekki aðrir nota þær.

2. gr.

Reglur þessar ganga í gildi þegar í stað.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum frá 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1932, um kjötmat o. fl., og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

233

30. des.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu í allt að 15 C stiga frosti, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins reiknast þannig:

- a. Af hverju húsi skal greitt fast gjald, miðað við hitaþörf hússins samkvæmt ákvörðun Hitaveitunnar. Nemur gjald þetta kr. 4.64 á mánuði fyrir hverjar 1000 hitaeiningar, sem talið er að hitaþörfin sé á klst.
- b. Auk þess greiðist fyrir vatnsnotkunina samkvæmt vatnsmæli kr. 0.68 — sextíu og átta aurar — fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr.

Í 4½ mánuð að sumri til ber þó aðeins að greiða helming þeirra gjalda, sem ákveðin eru samkvæmt 3. gr., og miðast það tímabil við álestur á vatnsmæla, sem næst 14. maí og 30. september.

233

30. des.

5. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæla skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotin og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- a. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 3.00.
- b. Fyrir mæla 1" og þar yfir kr. 10.00.

6. gr.

Hitaveitugjöld, samkv. 3.—5., gr. verða krafín mánaðarlega þegar eftir mælis-álestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra, og fækka gjalddögum að sumri til.

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningu um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

8. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð þess viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 15.00 hverju sinni.

9. gr.

Hitaveitan getur krafizt þess, að lokað verði fyrir rafmagn hjá þeim, sem veldur vanskilum á hitaveitugjöldum, hvort sem vanskilin eru beint við hitaveituna eða óbeint.

Á sama hátt getur Rafmagnsveitan krafizt þess, að lokað verði fyrir heitt vatn hjá þeim, sem skulda afnotagjöld rafmagns.

Fyrirætlanir um lokanir samkv. þessari grein skal tilkynna með 5 daga fyrirvara.

10. gr.

Húseigendum er skylt að tilkynna Hitaveitunni þegar í stað, ef þeir auka tölu nitaðra herbergja í húsum sínum.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.